

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Skúlatúni 2
105 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. júní 2013
Tilvísun: UST20130500020/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030. Umsögn

Vísað er til erindis verkefnisstjóra aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030 er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030.

Umhverfisstofnun ítrekar umsagnir á fyrri stigum aðalskipulagstillögunnar

Efnistaka og efnislosun

Í umfjöllun um efnistöku og efnislosun kemur fram að horfið var frá grjótnámi í Geldinganesi fljótlega eftir gildistöku aðalskipulags Reykjavíkur 2001 – 2024. Að mati Umhverfisstofnunar mætti huga að því hvort frekari vinnsla væri álitlegur kostur í þeim tilgangi að ná fram betri frágangi á námunni og þannig fella efnitökusvæðið í Geldinganesi betur að umhverfi sínu. Einnig bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að efnistaka sé ekki stunduð á svæðum er hafa útivistargildi fyrir borgarbúa.

Vistvænar samgöngur

Umhverfisstofnun telur áherslur í tillögu að aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 um aukningu vistvænna samgangna til fyrirmyndar.

Umhverfisáhrif í Laugardal

Í töflu 5.1 kemur fram að Háubakkar og árósar Elliðaráa eru friðlýstir. Einnig kemur fram að mögulega verði áhrif á svæðið vegna framtíðaruppbyggingar í Elliðaársvogi. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem ofangreint svæði er friðlýst þá þarf leyfi stofnunarinnar áður en farið er í framkvæmdir á svæðinu eða röskun á því.

Umhverfisskýrsla

Í umfjöllun um umhverfismat stefnuvalkosta er í kosti A2 og B4 áætlað að innanlandsflugvöllur verði á Lönguskerjum. Einnig kemur fram að Löngusker séu sem hluti af svæðinu Álftanes – Skerjafjörður, alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Umhverfisstofnun bendir einnig á að þann 30. janúar 2012 var auglýst friðlýsing hluta Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka Kópavogs með fjörum ásamt grunnsævi. Einnig bendir stofnunin á að


Skerjafjörður innan bæjarmarka Garðabæjar var friðlýstur sem búsvæði árið 2009. Markmið með friðlýsingunni er að vernda lífríki á strönd, í fjöru og grunnsævi Skerjafjarðar. Einnig er markmið með friðlýsingunni að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í auðugu lífríki og möguleikum til útivistar við ströndina.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að haft sé í huga að flugvallargerð á Lönguskerjum myndi hafa áhrif á sjávarskipti og lífríki á ofangreindum friðlýstum svæðum innan Kópavogs og Garðabæjar.

Verndarsvæði

Í umfjöllun um náttúruverndarsvæði þar sem skipulag kann að hafa áhrif í töflu nr. 3.14 kemur fram að varðandi Vatnsmýrina og Tjörnina að engin bein áform eru um röskun en að óbein áhrif geti orðið vegna uppbyggingar í Vatnsmýri. Umhverfisstofnun tekur undir þetta og bendir á mikilvægi þess að gætt sé að ferlum grunnvatns í Vatnsmýrinni og tenginu Tjarnarinnar við Vatnsmýrina, þegar farið verður að huga að væntanlegri byggð á núverandi flugvallasvæði.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

